Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

Umsögn SHA um Drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

Akureyri, 16. nóvember 2026

Almennt álit

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) leggst gegn því að reglugerðardrögin verði samþykkt óbreytt. Félagið óskar eftir að fallið verði frá fyrirhugaðri hækkun framfærsluviðmiða námsmanna og doktorsnema og að sérstakt viðmið fyrir þessa hópa verði mótað í samráði við landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) og talsfólk allra háskóla landsins. Jafnframt þarf að tryggja þeim sem þegar hafa hafið nám raunhæfan möguleika á að ljúka því og vernda umsækjendur gegn íþyngjandi breytingum meðan mál þeirra eru til meðferðar.

SHA telur eðlilegt að reglur um framfærslu séu skýrar og að unnt sé að sannreyna lögmæti fjármuna. Fjárhagsleg skilyrði þurfa jafnframt að taka mið af aðstæðum fólks í námi. Stúdentafélagið leggur áherslu á fjárhagslegt öryggi sem forsendu náms, fjölskylduvænt háskólasamfélag og jafna stöðu alþjóðlegra stúdenta.

Þessar áherslur eiga sér skýra samsvörun í útgefnu efni LÍS en í alþjóðastefnu samtakanna er kallað eftir sanngjarnari og sveigjanlegri framfærsluskilyrðum námsmanna og að stjórnvöld og háskólar dragi úr hindrunum fyrir alþjóðlegum stúdentum. Jafnréttisstefna LÍS leggur jafnramt áherslu á að efnahagur og félagsleg staða takmarki ekki aðgengi að námi eða möguleika á að halda því áfram.

Athugasemdir við 4. og 6. Gr. um fjárhæðir

Samkvæmt útreikningum dómsmálaráðuneytisins myndi almennt framfærsluviðmið hækka í 501.186 kr. á mánuði. Fyrir námsmenn og doktorsnema, sem njóta 0,75 stuðuls samkvæmt 6. gr., yrði viðmiðið 375.890 kr. á mánuði. Þótt hækkunin sé minni fyrir þessa hópa en fyrir almenna viðmiðið, myndi framfærslukrafan fyrir námsmenn engu að síður hækka um 45%.

Ekki hefur verið sýnt fram á í fyrirliggjandi gögnum að meðaltal frítekjumarks húsnæðisbóta, örorkulífeyris með heimilisuppbót og tekjumarks barnabóta gefi rétt viðmið fyrir fólk í fullu námi. Viðmiðin þjóna ólíkum tilgangi. Stuðullinn 0,75 tryggir einn og sér ekki að niðurstaðan samsvari raunhæfri framfærsluþörf námsmanna.

Námsmenn með viðkomandi dvalarleyfi mega samkvæmt núverandi upplýsingum Útlendingastofnunar að jafnaði vinna allt að 60% starf samhliða námi, með nánar tilgreindum undantekningum. Hækkun framfærslukröfunnar getur því aukið þrýsting á atvinnuþátttöku hjá hópi sem hefur takmarkaða heimild til hennar. Námslán, styrkir og sparnaður geta einnig staðið undir framfærslu, en óraunhæft og ósanngjarnt er að ganga út frá því að öll hafi aðgang að þeim úrræðum.

Tillaga SHA: Halda skal núverandi fjárhæðarviðmiði námsmanna og doktorsnema þar til fram hefur farið mat á raunverulegum framfærslukostnaði þeirra og tiltækum tekjustofnum. Sérstakt viðmið verði síðan mótað með hliðsjón af búsetu og húsnæðiskostnaði almenns markaðar, fjölskylduaðstæðum og fjármögnun náms. Birta þarf skýrt hvort fjárhæðir miðast við tekjur fyrir eða eftir skatt og hvernig ólíkir tekjustofnar eru lagðir saman.

Ósamræmi við framfærslu Menntasjóðs og jafnræði stúdenta

Sérstaka athygli vekur ósamræmi milli fyrirhugaðrar framfærslukröfu til erlendra námsmanna og þeirra fjárhæða sem stjórnvöld leggja til grundvallar við fjármögnun framfærslu í gegnum Menntasjóð námsmanna. Samkvæmt greinum 4.2 og 4.3 í úthlutunarreglum sjóðsins fyrir skólaárið 2026–2027 er grunnframfærsla námsmanns í leigu- eða eigin húsnæði 178.442 kr. á mánuði og húsnæðisviðbót einhleypings 120.311 kr. Samanlagt eru þetta 298.753 kr. á mánuði fyrir einhleypan, barnlausan námsmann sem uppfyllir skilyrðin, áður en kemur til tekjuskerðingar. Fyrirhugað námsmannaviðmið vegna dvalarleyfis, 375.890 kr., er því 77.137 kr. hærra á mánuði, eða um 25,8%. Hér er húsnæðisviðbót talin með og bornar saman mánaðarfjárhæðir á námstíma, en ekki heildargreiðslur vegna ólíkra tímabila.

Námslánakerfi og framfærsluskilyrði dvalarleyfa þjóna vissulega ólíkum tilgangi. Fjárhæð námsláns er ekki lögbundið lágmark þess sem íslenskum stúdentum er ætlað að lifa á og lánþegar geta haft aðrar tekjur og stuðning. Réttur til aðstoðar sjóðsins er heldur ekki bundinn við íslenska ríkisborgara, þótt erlendir námsmenn eigi ekki sjálfkrafa rétt á henni. Þetta afnemur þó ekki þörfina á að skýra hvers vegna stjórnvöld miða við svo ólíkar fjárhæðir þegar annars vegar er reiknuð framfærsluþörf námsmanna og hins vegar metin framfærslugeta þeirra sem þurfa dvalarleyfi vegna náms. LÍS hefur jafnframt bent á að ónóg framfærsla og samspil hennar við frítekjumark geti aukið vinnuálag með námi.

SHA telur að órökstudd krafa um hærri framfærslu hjá námsmönnum utan EES, sem þurfa dvalarleyfi vegna náms, feli í sér mismunun í aðgengi að námi sem stjórnvöld verði að réttlæta sérstaklega. Jafnræðisregla 65. gr. stjórnarskrárinnar kallar á að þessi munur verði tekinn til rökstuddrar skoðunar. Ekki verður séð af fyrirliggjandi rökstuðningi hvaða hlutlægu aðstæður réttlæti að framfærsluþörf þessara stúdenta sé metin svo miklu meiri en fjármögnun Menntasjóðs gefur til kynna fyrir námsmenn við sambærilegar húsnæðis- og fjölskylduaðstæður. Vísa þarf til raunverulegs kostnaðar og aðgengilegs stuðnings en ekki ríkisfangs eða réttarstöðu einnar og sér sem skýringar á hærri framfærsluþörf.

Ráðuneytið þarf því að svara skýrt: Er hærra viðmiðið byggt á mati á raunverulegri framfærsluþörf námsmanna og, ef svo er, viðurkenna stjórnvöld þá að fjármögnun framfærslu í gegnum Menntasjóð sé ófullnægjandi? Eða er með tillögunni vísvitandi verið að setja hærri fjárhagslegan aðgangsþröskuld fyrir stúdenta utan EES? Ef önnur sjónarmið skýra muninn verður að gera grein fyrir þeim og sýna fram á að mismunandi meðferð sé málefnaleg og hófleg. Án slíkra skýringa telur SHA að ekki hafi verið sýnt fram á að tillagan samrýmist kröfum um jafnræði stúdenta.

Tillaga SHA: Ráðuneytið birti samanburð á fyrirhuguðu námsmannaviðmiði og framfærslu samkvæmt reglum Menntasjóðs, með húsnæðisviðbót og öðrum viðeigandi stuðningi. Samanburðurinn taki mið af sömu tímabilum, sambærilegum aðstæðum og raunverulegum aðgangi hvors hóps að stuðningi og tekjuöflun. Sé hærra viðmið talið endurspegla nauðsynlega framfærslu námsmanna verði það jafnframt tilefni til endurskoðunar á framfærslu Menntasjóðs. Að öðrum kosti verði fallið frá órökstuddum fjárhagslegum aðstöðumun gagnvart námsmönnum sem þurfa dvalarleyfi.

Athugasemdir við 5. Gr. og samspil hennar við 6. Gr.

Óljóst er hvernig 0,75 stuðull námsmanna leggst saman við stuðul vegna hjóna og viðbótar vegna barna. Til dæmis þarf að skýra hvort viðbót fyrir barn reiknast af almennu viðmiði eða lægra námsmannaviðmiði og hvernig hjón eru metin þegar annað eða bæði eru í námi. Óvissa um þetta torveldar stúdentum að skipuleggja nám og fjölskyldulíf.

Samkvæmt 5. gr. er sameiginleg framfærsla hjóna heimil en sambúðarfólk þarf að sýna fram á sjálfstæða framfærslu. SHA telur að kanna þurfi hvort unnt sé, innan lagaheimilda, að taka mið af sannanlega sameiginlegum heimilisrekstri sambúðarfólks og tryggðum stuðningi. Skortur á gagnkvæmri framfærsluskyldu skýrir lagalegan mun en svarar ekki einn og sér því hvort raunveruleg framfærsla sé trygg.

Tillaga SHA: Bæta skal við skýrum reiknireglum og birtum dæmum fyrir námsmenn með maka og börn. Við mat vegna barna verði tekið tillit til staðfestra greiðslna og framlags annarra framfærsluskyldra aðila þannig að sama framfærsluþörf sé ekki tvítalin. Rökstyðja þarf sérstaklega kröfu vegna barns sem býr á heimili umsækjanda en er ekki á framfæri hans. Meta skal áhrif á fjölskyldulíf og hagsmuni barna áður en reglurnar eru settar.

Athugasemdir við 6. og 7. Gr. um undanþágur

SHA fagnar því að gert sé ráð fyrir lægra viðmiði doktorsnema óháð því hvort leyfi þeirra byggist á 61. eða 65. gr. laga um útlendinga, undanþáguheimild vegna skiptinema og svigrúmi vegna fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir. Þessi ákvæði þarf að útfæra svo þau nýtist í framkvæmd.

Almennt þriggja mánaða tímabil vegna ótryggrar framfærslu samkvæmt 7. gr. getur verið of stutt þegar veikindi eða aðrar óviðráðanlegar aðstæður skerða tímabundið möguleika til náms og tekjuöflunar. Í 6. gr. er staðfesting Tryggingastofnunar áskilin vegna tiltekinnar ívilnunar. Skýra þarf hvernig umsækjandi sem hefur ekki aðgang að slíkri staðfestingu geti sýnt fram á sambærilega stuðningsþörf.

Tillaga SHA: Kveða skal skýrar á um einstaklingsbundið mat vegna langvinnra veikinda, fötlunar og tímabundinna tafa á útborgun staðfestra námslána eða styrkja. Samþykkja verði sambærileg gögn frá þar til bærum heilbrigðis- eða tryggingaaðilum þegar staðfesting Tryggingastofnunar er ekki tiltæk. Undanþágur hafi skýr skilyrði og málsmeðferð.

Athugasemdir við 8. og 9. Gr. um sönnun framfærslu

Í 8. gr. er heimilt að sýna fram á framfærslu með bankainnstæðu eða reglulegum tekjum og áskilið að hún sé trygg fyrir allan gildistíma leyfis. Það jafngildir ekki almennri kröfu um að öll fjárhæðin sé þegar á bankareikningi. Ef námsmaður styðst eingöngu við sparnað myndi framfærsla í tólf mánuði þó nema um 4,51 millj. kr. miðað við fjárhæðina í kynningu ráðuneytisins. Slík krafa getur útilokað fólk sem getur staðið undir mánaðarlegum kostnaði en á ekki verulegan sparnað.

Sex mánaða bankayfirlit samkvæmt ákvæðinu er heldur ekki skýlaus krafa um að fé hafi legið óhreyft á reikningi þann tíma. Reglurnar þurfa engu að síður að tryggja að nýlegur, sannanlega lögmætur styrkur eða gjöf sé metin á efnislegum grunni. Staðfest námslán eða styrkur sem er greiddur í áföngum þarf að geta nýst við matið þótt greiðslurnar séu ekki allar komnar til útborgunar.

Tillaga SHA: Taka skal skýrt fram að leggja megi saman sparnað, tryggar framtíðargreiðslur og aðra viðurkennda tekjustofna án tvítalningar. Samræma þarf 2. og 8. gr. þannig að staðfestar náms- og rannsóknarstyrksgreiðslur á leyfistímanum séu ekki útilokaðar vegna útborgunartíma eins og sér. Gagnaöflun um greiðanda takmarkist við nauðsynleg gögn til að sannreyna uppruna og ráðstöfunarrétt. Umsækjandi fái skýrar leiðbeiningar og hæfilegan frest til að bæta úr gögnum.

Áður en heimild 9. gr. til afturköllunar er beitt þarf að meta hvort frávik sé tímabundið og hvort undanþágur eigi við. SHA óskar eftir skýru verklagi um leiðbeiningar, andmæli og mat á úrbótum. Tímabundin greiðslutöf á staðfestum styrk má ekki ein og sér verða til þess að rjúfa námsferil.

Athugasemdir við 11. til 17. Gr. um ríkisborgararétt

Lægra viðmið námsmanna í 6. gr. er í kaflanum um dvalarleyfi. Sambærilegt almennt ákvæði fyrir námsmenn og doktorsnema er ekki í kaflanum um ríkisborgararétt. Þar er þó sérstakt ákvæði um námsmenn á aldrinum 18 til 25 ára í foreldrahúsum. Því getur sami einstaklingur fullnægt lægra framfærsluviðmiði við dvalarleyfi en þurft að standast almenna viðmiðið við umsókn um ríkisborgararétt.

Í 11., 12. og 16. gr. er litið til þriggja ára framfærslusögu. Skýra þarf hvernig nýtt fjárhæðarviðmið verður notað við mat á liðnum árum. SHA telur óásættanlegt að áður fullnægjandi framfærsla á námstíma verði metin ófullnægjandi eingöngu vegna síðar hækkaðrar fjárhæðar enda hafi viðkomandi sannanlega lagt til samfélagsins í formi eigin náms. Einnig þarf að tryggja að lögmæt námslán og styrkir séu metin með viðeigandi staðfestingum þegar hefðbundin skattgögn sýna ekki greiðslurnar með fullnægjandi hætti.

Tillaga SHA: Bæta skal við sérstöku ákvæði um framfærslu námsmanna og doktorsnema við umsókn um ríkisborgararétt, innan marka lagaheimildar. Mat á liðinni framfærslu taki mið af þeim viðmiðum sem giltu á viðkomandi tímabili. Skýra skal hvaða greiðslur teljast félagsleg aðstoð og samræma 11., 15., 16. og 17. gr. svo réttindabundnar greiðslur og hefðbundinn

húsnæðisstuðningur fái samrœmda meðferð. Tilvísun til 4. gr. í 1. mgr. 14. gr. verði jafnframt leiðrétt til samrœmis við viðmið 13. gr.

Athugasemdir við 19. Gr. um gildistöku

Drögin gera ráð fyrir gildistöku 1. janúar 2027 og að reglurnar gildi einnig um óafgreiddar umsóknir. Undanþágan er heimild til að endurnýja dvalarleyfi á fyrri forsendum í allt að tólf mánuði ef umsókn barst fyrir gildistöku. Hún tryggir hvorki öllum núverandi stúdentum vernd út námstímann né sambœrilega meðferð fyrstu umsókna og umsókna um ríkisborgararétt.

Stúdentar geta hafa flust búferlum, gert húsaleigusamninga og tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar vegna margra ára náms. Tólf mánaða heimild háð umsóknardegi veitir þeim takmarkaðan fyrirsjáanleika.

Tillaga SHA: Fyrri framfœrsluviðmið gildi um umsóknir sem bárust fyrir gildistöku nema nýjar reglur séu umscekjanda hagstœðari. Námsmenn og doktorsnemar sem hafa hafið nám með gildu leyfi fyrir gildistöku fái að ljúka þeirri námsgráðu á fyrri fjárhœðarviðmiðum, miðað við eðlilega námsframvindu og viðurkenndar tafir vegna veikinda, fötlunar eða barneigna. Verndin verði skýr regla en ekki aðeins heimild háð mati í hverju máli.

Beiðni um endurskoðun og samráð

SHA óskar eftir að ráðuneytið endurskoði drögin áður en þau verða sett og birti mat á áhrifum þeirra á aðgengi að námi, brottfall, rannsóknarstarf og fjölskyldur stúdenta. Matið þarf að greina stöðu alþjóðlegra stúdenta við háskóla utan höfuðborgarsvœðisins sérstaklega. Fyrir HA og nœrsamfélag skiptir máli að regluverkið geri stúdentum kleift að byggja líf sitt í nœrsamfélagi háskólans og ljúka námi sínu ásamt því að það er eðlileg von samfélagsins að erlendir stúdentar sjái hag sinn í því að setjast þar að.

Stúdentafélagið óskar eftir beinu samráði við LÍS, systurfélög sín, alþjóðlega stúdenta og háskóla á Íslandi um raunhœft námsmannaviðmið, sönnun framfœrslu og aðlögun. Þar til þeirri vinnu er lokið verði fallið frá fyrirhugaðri hœkkun gagnvart námsmönnum og doktorsnemum.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Stúdentafélags Háskólans á Akureyri

Aðalbjörn Jóhannsson
Forseti SHA

Jóhannes Már Pétursson
Alþjóðafulltrúi SHA